

1. Forsendur greiðslna og umfang greiðslna

1.1 Hvað er tryggt?

(1) Gildissvið

Við slys sem fellur undir samninginn í utanlandsferð greiðum við viðbótarbætur. Utanlandsferðir teljast ferðir utan Þýskalands. Viðbótarbæturnar gilda ekki í löndum þar sem hinn tryggði á lögheimili eða hefur venjulega aðsetur.

(2) Réttahafahópur

Þeir einstaklingar sem tilgreindir eru á UnfallCard þínu geta krafist bóttanna.

1.2 Hvaða þjónustu bjóðum við?

(1) Hjálparþjónusta

(1) Við sinnum hjálparþjónustu í neyðarsíma okkar allan sólarhringinn alla daga ársins. Í læknisfræðilegum efnum fáum við ráðgjöf hjá læknameymi. Hjálparþjónusta í þessum skilningi er:

- a) Ef óskað er látum við aðstandendur vita. Ef um mjög alvarlegt slys er að ræða fáum við upplýsingar hjá lækni eða hjúkrunarfólki og hringjum í símanúmerið sem tilgreint er á UnfallCard þínu. Ef skráningu vantar reynum við að finna aðstandendur á annan hátt.
- b) Við gefum ráð um hvar best sé að koma hinum slasaða á sjúkrahús. Þá tilgreinum við næsta sjúkrahús sem hentar. Við gefum upplýsingar um fánlega hjúkrunarflokka og kostnað við þá. Ef nauðsyn krefur höfum við samband við sjúkrahúsið og ræðum um aðstöðuna sem hinn slasaði óskar eftir.
- c) Við sjúkrahúsmeðferð höfum við samband við lækinn, sem annast hinn slasaða, og fáum upplýsingar um afleiðingar slyssins, áætlaða meðferð og batahorfur. Við upplýsum hinn slasaða á móðurmáli hans.
- d) Ef við teljum það læknisfræðilega nauðsynlegt skipuleggjum við sjúkraflutning á sjúkrahús í Þýskalandi. Eftir samráð við lækinn, sem annast hinn slasaða, veljum við farartæki, tökum ákvörðun um hugsanlega fylgdarmenn og ákveðum áfangastað og tíma heimflutningsins.
- e) Ef skilríki týnast eða krafist er trygginga svo brottförin geti átt sér stað veitum við aðstoð við að leggja fram tryggingu og að útvega ný skilríki og tilnefnum, ef mögulegt er, þýsku- eða enskumælandi lögmenn.

(2) Aukalegar peningagreiðslur

Í bótamáli samkvæmt tölulíð 1.1 greiðum við:

- a) Aukalegan nauðsynlegan heimferðar- og/eða gistingarkostnað fyrir ólögráða börn sem eru með í ferðinni og félagann sem er með í ferðinni.
- b) Við sjúkrahúsdvöl erlendis vegna slyssins í minnst 10 daga kostnað við ferð einstaklings, sem stendur nærri hinum tryggða, á staðinn og gistingu þar.

c) Við greiðum ferðakostnað fyrir

- lestarferðir á 2. farrými;
- flugferð á almennu farrými ef lestarferð tæki meira en tíu klukkustundir;
- ferðir með öðrum almenningsfarartækjum.

d) Við greiðum gistingarkostnað samkvæmt málsgrein 2 b allt að 60 EUR fyrir hvern dag sjúkrahúsmeðferðarinnar, lengst þó fyrir 2 vikur.

(3) Hækkun tryggingarupphæða slysatryggingarinnar

Fyrir nafngreinda einstaklinga á UnfallCard þínu gildir:

a) Við slys í útlöndum hækkar tryggingarupphæð vegna björgunarkostnaðar um 10.000 EUR.

a) Allar greiðslur innan ramma meðtryggðra sjúkrahúsdagpeninga gilda sem tvöfaldar við lækni-meðferð í útlöndum; við lækningameðferð á sjúkrahúsi nema sjúkrahúsdagpeningar minnst 30 EUR fyrir 1.-3. dag og minnst 60 EUR frá 4. degi. Ef fleiri en ein slysatrygging er í gildi hjá Allianz gilda þessar lágmarksupphæðir fyrir alla samninga í heild.

(4) Ráðgjöf í læknisfræðilegum efnum

Fyrir utanlandsferðina getur þú sótt til okkar ráð læknis um búnað ferðaapóteks og upplýsingar um æskilegar ónæmisáðgerðir.

2. Afleiðingar fyrir frekari greiðslur úr slysatryggingunni

Ef við innum af hendi greiðslur samkvæmt tölulíð 1.2 tengist því ekki viðurkenning á yfirtökuskyldu okkar fyrir frekari greiðslur. Úrslitum um það ráða skilyrði Allianz AUB/Allianz AB fyrir hverja greiðslutegund fyrir sig